

Nd.

406. Frumvarp til laga

[213. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—1975).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.
2. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og hann hefur fyrir dómi hér á landi annað hvort verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af og dómur hefur þegar gengið um hér á landi, annað hvort til sakfellingar eða sýknu.
3. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og rannsókn málsins hefur ekki leitt til ákæru á hendur honum hér á landi.
4. Að hinn framseldi maður, sé hann íslenskur ríkisborgari, verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið, en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á, sem hér segir:
 - a) að fyrir liggi samþykki dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., eða
 - b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
 - c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða
 - d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.
5. Að hann framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir stjórnmálaafbrot, sem framið er fyrir framsalið, og hann er ekki framseldur fyrir, nema að fullnægðum skilyrðum þeim, sem talin eru undir 4. a)—d), og því aðeins að hinn framseldi maður sé ekki íslenskur ríkisborgari.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi úrskurðar verið krafist, skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

4. gr.

16. gr. 1. mgr. orðist svo:

Nú er í einhverju þeirra ríkja, sem í 1. gr. getur, lýst eftir manni, sökuðum um afbrot, sem orðið gæti grundvöllur framsals eftir lögum þessum, og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita, ef viðkomandi yfirvöld tilkynna, að þau muni krefjast framsals fyrir slíkt afbrot.

5. gr.

17. gr. orðist svo:

Samþykki samkvæmt 7. gr. verður því aðeins veitt, að framsal fyrir verknaðinn hefði getað farið fram til viðkomandi lands. Ákvæði 11. og 13. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

Tilmælum um veitingu samþykkis skv. 7. gr. skal fylgja greinargerð um tegund brotsins, hvar og hvenær það var framið og hvaða refsiakvæði muni koma til greina. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um það, að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 11. og 13. gr. eftir því sem við á, og um, hvort hann hafi æst að notfæra sér þann rétt.

6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmda gagnvart hverju einstöku ríki, sem talið er í 1. gr. laga nr. 7/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar eru að stofni til samnorræn lög. Nú hefur orðið samkomulag um að gera nokkrar breytingar á þessum lögum á Norðurlöndunum til þess að einfalda meðferð framsalsmála, einkum í því skyni að heimila, að hinn framseldi verði látinn svara til saka fyrir eldri afbrot í því landi, sem hann er framseldur til, en eftir núgildandi reglum er það aðalregla, að leyfi þarf frá dómsmálaráðuneyti þess lands, sem maður er framseldur frá, til þess að slík saksókn geti átt sér stað.

Breytingartillögur þessar eru árangur af viðræðum milli Norðurlandanna og eru byggðar á reynslu af framkvæmd framsalslaganna.

Til frekari skýringar á breytingu þeirri, sem í frumvarpi þessu felst, þykir rétt að taka hér upp 7. gr. laganna, eins og hún hljóðar nú:

„7. gr.

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn anuan verknað, framinn fyrir framsalið en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á sem hér segir:
 - a) að fyrir liggja samþykki dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 17. gr., eða
 - b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
 - c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða
 - d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.

2. Að hinn framseldi maður verði ekki, án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.“

1. gr. frumvarps þessa kemur þá í stað núgildandi 7. gr.

Breytingar á öðrum greinum eru að mestu leyti afleiðing af þeirri meginbreytingu, sem felst í 1 gr. frumvarpsins, en þó er í 3. gr. bætt nýrri málsgrein við 11. gr. laganna, sem takmarkar framsal í þeim tilvikum, þegar dómsúrskurðar hefur verið krafist, þannig að framsalið getur ekki farið fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggur fyrir. Í 4. gr. er aukið við ákvæði í 1. málsgr. 16. gr. laganna þess efnis, að heimilt er að beita sömu aðgerðum í þeim tilvikum, þegar aðeins liggur fyrir yfirlýsing um, að yfirvöld muni krefjast framsals, en formleg framsalskrafta á hendur viðkomandi liggur ekki fyrir.

Gildistökuákvæði frv. er samsvarandi gildistökuákvæði laga nr. 7/1962.